

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 14. desber 2024, klukkan 17:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.  
Hreppsnefnd staðfestir fundargerð skipulags- og byggingarnefndar að veita ekki umbeðið leyfi fyrir byggingu á Hóli fyrr en nægjanleg gögn liggja fyrir.
2. Fjárhagsáætlun 2025 – seinni umræða  
Tekjur: 61.670.413  
Gjöld: 42.393.175  
Rekstrarniðurstaða: 19.277.238
3. Þriggja ára áætlun 2026-2028 seinni umræða  
2026  
Tekjur: 63.993.019  
Gjöld: 40.040.715  
Rekstrarniðurstaða: 23.952.304  
2027  
Tekjur: 65.734.974  
Gjöld: 44.055.120  
Rekstrarniðurstaða: 21.679.854  
2028  
Tekjur: 67.476.928  
Gjöld: 41.754.525  
Rekstrarniðurstaða: 25.722.403
4. Útvarsparspósentu og fasteignaskattshlutfall.  
Útvarsparspósentu og fasteignaskattshlutfall verður óbreytt frá fyrra ári.
5. Nýtt aðalskipulag  
Farið var yfir nýjustu gögn frá Verkís varðandi aðalskipulag Tjörneshrepps.
6. HSP- ósk um nýjan samning.  
Hreppsnefnd samþykkir nýjan styrkjasamning við HSP.
7. Erindi frá Framhaldsskólanum á Laugum.  
Óskað er eftir styrkveitingu vegna bronsstyttu við Framhaldsskólann á Laugum vegna afmælis skólans. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja verkið um 100.000 krónur.
8. Erindi vegna slita Héraðsnefndar Þingeyinga bs.  
Erindið er frá framkvæmdastjóra HNP, þar sem óskað er eftir því að slit á Héraðsnefnd Þingeyinga. Samkvæmt stofnsamningi Héraðsnefndar IV kafla þarf samþykki allra sveitastjórna aðildarsveitarfélaga til að starfsemi byggðasamlags sé hætt eða það hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á svæði starfsemi byggðasamlagsins. Hreppsnefnd samþykkir erindi framkvæmdastjóra um að vinna að málinu áfram með þeim tilgangi að leggja nefndina niður samkvæmt ákvæðum fimmtu málsgreinar 95. greinar sveitarstjórnarlaga númer 138/2011.
9. Framtíð Náttúruverndar Þingeyinga.  
Í ljósi þess að Héraðsnefnd Þingeyinga er komin í slitaferli samþykkir Hreppsnefnd Tjörneshrepps að fela skipulag og byggingarfulltrúa þau verkefni sem áður voru hjá Náttúruverndarnefnd Þingeyinga.
10. Samningur um barnavernd á Norðurlandi eystra, síðari umræða.  
Hreppsnefnd staðfestir samningin og undirritun oddvita.

11. Hluthafalán Mýsköpunar.

Fyrir liggur ósk um hluthafalán frá Tjörneshreppi til fjárfestingarfélags  
Þingeyinga. Hreppsnefnd samþykkti rafrænt 12. nóvember 2024 að veita lánið upp  
á krónur 150.427 krónur.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:10.

Katý Bjarnadóttir  
Aðalsteinn J. Halldórsson  
Sveinn Egilsson  
Jón Gunnarsson  
Smári Kárason